

Umsögn íbúaráðs Kjalarness dags. 1. september 2021 um tillögur stýrihóps um innleiðingu íbúaráða.

Fulltrúar Vinstri grænna, Pírata, Foreldrafélaga og slembivalinn fulltrúi í íbúaráði Kjalarness fagna því að íbúaráðin verði fest í sessi og telja að þær breytingar sem eru settar fram í tillögunum séu af hinu góða. Gott er að styrkja betur samstarf við þjónustumiðstöðvar og jákvætt er að ráðin fái svör um hver örlög verkefna sem falla undir fjárfestinga- og viðhaldsáætlun verða. Bæta mætti aðgengi ráðanna að því hvar önnur mál sem ráðin senda frá sér eru stödd í kerfinu, það gæti létt vinnu af miðlægum starfsmanni ráðanna og auðveldað ráðsfólki að svara fyrirspurnum þar um.